

# EYSTRAHORN

26.tbl. 41. árgangur

17.ágúst 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



Byggingu nýja hjúkrunarheimilisins miðar vel áfram.  
Búið er að reisa grunn og útilistaverk.

# FERÐALAG FJÖLSKYLDUTENGLA FRÁ NORDUR-AMERÍKU TIL ÍSLANDS.



Mynd/Evan Tor Kartenson

Evan Tor lagði upp í för til Ísland í þeirri von að kynna íslenskum uppruna sínum betur. Ævintýrið endaði sem fallett ferðalag fjölskyldutengsla og menningarlegra uppgötvunnar. Evan Tor Kartenson, bandarískur tónlistarmaður var þátttakandi í verkefninu Snorri program, samtök sem hafa þann tilgang að hjálpa íslenskum Norður-Ameríkubúum að tengjast íslenskum rótum sínum.

Evan Tor kemur frá frá Fargo í Norður-Dakóta, þar sem margir Íslendingar hafa sest að í gegnum árin. Þar lifir hann annasömu lífi sem háskólanemi, ásamt því að starfa sem einkakennari í tónlist og að spila í rokkhljómsveitinni Walking Phoenix. Evan Tor hefur alltaf langað til þess að vita meira um íslensku arfleifð fjölskyldu sinnar og ákvað því að leggja af stað í þetta ferðalag til þess að kanna land forfeðra sinna í sumar með hjálp Snorri program.

Ferðalagið hófst á tveimur vikum í Reykjavík þar sem boðið var upp á tungumálakennslu í Háskóla Íslands og fyrirlestra um íslenska sögu og þjóðsögur. Evan Toe ásamt hinum þátttakendum skoðaði söfn í Reykjavík og drakk í sig líflegt andrúmsloft höfuðborgarinnar áður en leiðin lá út á land. Þátttakendurnir fóru vítt og dreifð um landið inn á heimili íslensku ættingja sína. Samtökin sjá um að finna ættingja fyrir þátttakendur og reyna að finna þá sem eru þeim skyldastir, oft er miðað við fjögurra eða fimm kynslóða tenging segir hann.

Evan Tor hafði komið áður til Íslands með foreldrum sínum og hitt nokkur

skyldmenni en hann vissi að hann ætti enn eftir að hitta mörg þeirra. Hann fékk til þess tækifæri í sumar þegar honum var boðið að koma og eyða tíma með fjölskyldu á Höfn, hjá þeim hjónum Þóru Jónu Jónsdóttur og Sigfúsi Harðarsyni, eða Nónu og Fúsa eins og þau eru oftast kölluð.

Evan hafði ekki hitt þau áður en samtökin höfðu samband við Þóru þar sem þau voru ein af náskyldustu ættingjum hans en afi Þóru og langafi Evans voru bræður.

Nóna og Fúsi tóku með glöðu geði við þessari bón og ferðuðust með hann um víðann völl og kynntu hann fyrir enn fleiri frænkum og frændum. Dýrmætast þótti Evan að heimsækja Vattarnes, fæðingarstað langafa hans, það hafði sterk áhrif á hann að heimsækja staðinn sem hann hafði einungis séð á fjölskyldumálverkum og ljósmyndum.



Mynd/ Þórey Guðný, Evan Tor og Þóra á ferðalagi

Það var mögnuð stund segir hann.

Langafi Evan Tor, Sigurður Kjartansson flutti frá Vattarnesi 6 ára gamall með móður sinn og yngri bróður sínum til Kanada í kringum 1900, þriðji bróðirinn varð eftir á Vattarnesi en sá var afi Nónu. Sigurður settist að lokum að í Bandaríkjunum og stofnaði þar fjölskyldu. Því miður tapaðist mikið af tungumálinu og menningunni í umskiptunum en bæði Evan Tor og faðir hans hafa mikinn áhuga á að endurnýja tengslin og rækta ræturnar sem hann náði svo sannarlega að gera í þessari ferð.

Evan Tor segir reynsluna ómetanlega og lýsir yfir þakklæti sínu fyrir upplifunina.

Hjá fjölskyldunni fékk hann að heyra ótal sögur og upplýsingar sem hann getur deilt áfram með sínu fólki í Fargo. Fjölskyldan hans í Bandaríkjunum er lítil og segir hann því frábært að komast að því að hér eigi hann stóra og mikla fjölskyldu. Hann fékk að hitta mörg þeirra sem hann hafði gaman af, þá sérstaklega þegar honum var sagt að hann líkist hinum eða þessum úr fjölskyldunni, það hafi fyllt hann stolti og léti hann finnast eins og hann tilheyrði þeim.

Evan Tor segir Snorra verkefnið að þessu leyttinu til frábært og að það hafi skilað því sem hann hafði vonað. Tenging hans við ræturnar séu sterkari og hann hafi eignast stærri fjölskyldu sem hann segir ómetanlegt. Þau eru staðráðin í að halda sambandi, Nóna og Fúsi eru að skipuleggja heimsókn til Fargo og Evan Tor ætlar að koma aftur til Íslands eftir 2 ár.

Evan Tor kvaddi Ísland með þakklæti í hjarta yfir fegurð landsins, nýjum fjölskyldumeðlimum og sterkari tengslum.

Eystrahorn hvetur áhugasama að kynna sér samtökin á heimasíðu þeirra [www.snorri.is](http://www.snorri.is). Verkefnið er verðugt og áhugavert mjög, þar sem það hvetur ungt fólk til þess að styrkja rætur sínar og efla menningartengslin milli þessa tveggja landa. Þar má líka finna verkefni sem heitir Snorri West þar sem Íslendingar geta heimsótt ættingja í Norður Ameríku.

Eystrahorn þakkar Evan Tor fyrir spjallið og óskar honum góðs gengis.



Mynd/Evan Tor ásamt fjölskyldumeðlimum sem hann hitti á Íslandi.

## Frá Tónskóla Austur-Skaftafelssýslu

Innritun nýnema skólaárið 2023-2024 stendur yfir.

**Síðasti umsóknardagur er mánudaginn 21. ágúst.**

Umsækjendur sækja um í gegnum íbúagátt bæjarfélagsins eða [Hornafjordur.is](http://Hornafjordur.is) (Þjónusta, Tónskóli)

Peir nemendur sem voru í námi á síðasta ári og skiluðu inn umsókn í vor, þurfa **ekki** að sækja aftur um.

Skrifstofa skólans verður opin 17 - 18, ágúst og 21. ágúst frá kl. 12.00 - 14.00  
Einnig má hringja á þeim tíma í síma 470-8460

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans.

[Hornafjordur.is](http://Hornafjordur.is) - þjónusta - tónskóli

Einnig má senda fyrirspurnir á [tonskoli@hornafjordur.is](mailto:tonskoli@hornafjordur.is)

Skólastjóri



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRDUR**

### Auglýst er eftir starfsmanni í félagsmiðstöðina Þrykkjuna í 30% starf

#### Helstu verkefni

- Vinna með börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni
- Sinna forvörn og almennum félagsþroska barna og ungmenna.

#### Hæfnikröfur

Umsækjandi þarf að hafa áhugi á börnum og unglingum og velferð þeirra. Þolinmæði, stundvísi og gott lundarfar mikilvægt auk lipurðar í mannlegum samskiptum. Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára.

*Umsóknarfrestur er til 18. ágúst 2023.* Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælendum berist á Emil Mörávek tómsundarfulltrúa á netfangið: [emilmoravek@hornafjordur.is](mailto:emilmoravek@hornafjordur.is)

Áhugasamir af öllum kynjum hvattir til að sækja um.

Athygli er vakin á því að við ráðningu er óskað eftir sakavottorði og að umsóknir geta gilt í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.



24. ÁGÚST 2023

# AÐALFUNDUR

## LEIKFÉLAGS HORNAFJARÐAR

KL. 20:00 Í HLÖÐUNNI  
FISKHÖLI 5



# Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Laugardaginn **19.ágúst** verður gönguferð í Sandfelli í Öræfum.



Frá Sandfelli liggur gönguleið upp á Hvannadalshnjúk og við ætlum að ganga fyrsta hluta leiðarinnar upp á Sandfellsfjallið. Þaðan er fallett útsýni og við munum ganga rólega, förum ekki upp á jökulinn. Erfiðleikastig göngunnar er metið sem tveir skór því þetta er dálítill hækkun. Allir eru velkomnir í göngur ferðafélagsins, séu hundar með í för skal taumur vera til taks.

Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna. **Lagt verður af stað frá bílastæðinu í Sandfelli kl.10:00.** Mikilvægt er að huga að veðurspá og haga klæðnaði í samræmi við hana, göngustafir gætu komið sér vel og einnig þarf að muna eftir nestinu. Æskilegt er að þau sem vilja taka þátt í göngunni (eða fá frekari upplýsingar) hafi samband við Sigrúnu í s:864-5456.

**Þátttökugjald í göngur Ferðafélagsins er kr. 1.000 fyrir einstaklinga, kr. 1.500 fyrir þör og frítt er fyrir 18 ára og yngri.**

**Dagskrá vikunnar**

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

VIÐ HÖKKUM EÐ AÐ SJA ÞIG.

**Jesús segir:**  
Ei nokkur þyrstir þá komi hann til mín og drekki. Þá hefur þú þess sem líst á mig munu renna þú þar lítið vatn.

**Þakkir**

Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra Sævars Kristins Jónssonar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skjólgarðs fyrir góða umönnun.

**Bjarney Pálína, Kristín Hrönn, Elfa Björk, Sigríður Sif, Anna Sigurbjörg, Þórdís, Guðrún Freydís, Unnsteinn, Hulda Sigurdís, Katrín Birna og fjölskyldur.**

**Lumar þú á grein eða áhugaverðu efni í Eystrahorn ?**

*Við hvetjum þig til að senda okkur línu á [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)*

Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Netfang: arndis@eystrahorn.is  
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126

# Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?



N1 Höfn óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulípur starfsfólk til framtíðarstarfa. Um er að ræða vaktstjóra og starfsfólk í afgreiðslu, unnið er á vöktum.

Þjónustustöðin okkar er fjörugur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds.

## Helstu verkefni – vaktstjóri

- Almenn afgreiðsla
- Stjórnun starfsfólks á vakt
- Vaktauppgjör
- Pantanir
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

## Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

## Helstu verkefni – almenn afgreiðsla

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

## Fríðindi

- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Styrkur til heilsuefningar

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lilja Björg Jónsdóttir, stöðvarstjóri, [liljabjorg@n1.is](mailto:liljabjorg@n1.is).

Áhugasamir sækji um á [www.n1.is](http://www.n1.is) – merkt Höfn.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2020 - 2023



ALLA LEIÐ

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## Bleikja með kartöflum og epla- blaðlaukssoppa með rúsínum eftir Gunnar Örn Reynisson og Ólöfu Ósk Garðarsdóttir

Við grípum boltann á lofti frá þeim Ásgeiri og Eygló og þökkum sendinguna. Okkur þykir heldur skammt liðið á sumarið til að skella fram uppskrift af dýrindis hreindýrasteik þannig að fyrir valinu varð eitthvað léttara sem fólk getur veitt sér til matar. Ágúst mánuður er tilvalinn í stangveiðina og því ákváðum við að skella í léttu uppskrift af einstaklega gómsætri grillaðri bleikju. Best er náttúrulega ef bleikjan er nýveidd úr kristaltæri íslenskri á, en það kemur þó ekki að sök ef Klaustursbleikja úr eldi verður fyrir valinu þegar þessi réttur er undirbúinn. Einna mikilvægast er þó að bera fram nýuppteknar kartöflur með bleikjunni og hafa nóg af smjöri og salti á borðinu þegar dýrðlegheitin eru borin fram. Einnig skellum við í epla og blaðlauks „hræru“ með rúsínum sem hentar einstaklega vel sem meðlæti. Uppskriftin miðast við 4-5 en það fer þó algjörlega eftir stærð flakanna og matarlyst heimilisfólksins.



### Hráefni

#### Grilluð bleikja

4 stór bleikjuflök  
4 sneiðar smjör  
Sítrónupipar  
4 klípur maldon salt

#### Epla-blaðlaukssoppa með rúsínum:

1 Grænt epli, skorið í teninga  
1 Blaðlaukur, sneiddur niður  
1 lúka rúsínur  
200-300 gr. smjör

#### Kartöflur:

1 kg. nýuppteknar kartöflur  
Klípa salt

### Aðferð

#### Grilluð bleikja:

Flökin lögð á grillbakka (roðið niður) Smjörsneiðar lagðar yfir flökin  
Nóg af sítrónupipar (ekki of mikið)  
Klípa af maldon-salti yfir hvert flak  
Bakki/ar settir á grillið, sirka 180-200 gráður svo að við náum roðinu stökku. (Roðið er algjört sælgæti ef það heppnast). Grilltíminn er sirka 6-9 mínútur en það fer eftir þykkt flakanna. (Við treystum yfirleitt bara á augað í þessu tilfelli)

#### Epla-blaðlaukssoppa með rúsínum:

Bræðið smjörið, bætið hinu út í og leyfið að malla þar til allt er orðið mjúkt. Borið fram heitt.

#### Kartöflur:

Kartöflur settar í pott í hæfilegri stærð, vatn í hæfilegu magni og klípa salt yfir. Sjóðið þar til þær eru tilbúnar, 15-20 mínútur sirka.

#### Drykkur:

Ískalt vatn beint úr krananum hæfir langbest með kræsingunum

#### Royal búðingur:

Fiskur getur verið ansi léttur í maga þannig að ef fólk vill eftirrét þá er um að gera að skella í konunglegan búðing, súkkulaði er í uppáhaldi í minni fjölskyldu. 1 pakki Royal-búðingur, 1/4 rjómi. Búðingur undirbúinn samkvæmt uppskrift á pakkanum. Rjómi þeyttur með pisk eða í hrærivél. Borið fram með rabbarbarasultu „on the side“.

Verði ykkur að góðu.

Við ætlum að senda boltann áfram á Sonju & Adda þar sem við vitum að þau kunna ýmislegt fyrir sér í eldhúsinu. Yfirleitt þarf maður að losa efstu töluna að minnsta kosti ef maður lendir í kaffi eða veislu þar.



## MÁLFRÍÐUR MALAR

Í dag ætla ég að hrósa, mér finnst svo dásamlegt þegar samfélagið tekur höndum saman og gerir bæinn okkar fállegri í dag en í gær. Í dag tók ég eftir frábærri viðbót, en það var þessi áttaviti eða hvað ég á að kalla þetta. Ég sá mjög fljótlega að þetta hafi verið sett upp til að vísa okkur leið í rétta átt eða til að koma í veg fyrir að við færum í vitlausa átt. Þetta virðist hafa verið sett upp í það minnsta á tveimur stöðum sem ég sá. Vitanlega reyndi ég að lesa á alla armana, en það var hreinlega ekki hægt að keyra á 50 km hraða og reyna að lesa á þetta. Fyrst keyrði ég þrisvar sinnum framhjá áttavitanum á Hafnarbrautinni við ráðhúsið. Ég varð hreinlegu engu nær því ég gat ekki lesið á skiltin nema pósthús eða það er í það minnsta það sem ég man eftir að hafa lesið. Fyrst mér tókst þetta ekki þá var ég orðin virkilega forvitin eins og Suðursveitungur þannig að ég keyrði framhjá á 30 km hraða til að athuga hvort

ég gæti frekar lesið á alla armana. Þá var svo mikil ferðamanna umferð að ég varð að keyra í nokkra hringi niður á bryggju áður en mér tókst að keyra aftur framhjá á 30. Þá var ég vitlausu megin við áttavitann og gat ekkert lesið yfir götuna þannig að ég reyndi enn eina ferðina að komast að áttavitanum rólega. Ég lullaði fram hjá og las á alla armana og BÆNG. Haldiði ekki að ég hafi keyrt aftan á bíl því ég gleymdi hreinlega að horfa fram fyrir mig á götunni, úps. En það gerðist svo sem ekkert nema stuðaranir kysstust aðeins og ekkert brotnaði. En ég lærði á þessu að ég vissi alveg í hvaða átt ég ætti að fara þegar ég vildi fara um bæinn og þarf því ekkert að lesa mér til. Þessir áttavitar eru fyrir fólk sem rata ekki um bæinn og þeir eru eingöngu settir upp fyrir gangandi vegfarendur því það er ekkert nema soun á eldsneyti ef fólk þarf að keyra oft framhjá til að lesa á armana og helst þyrfti að vera með kíkí því stafirnir eru svo litlir.

Málfríður

## ORÐALEIT

V	A	U	H	E	P	A	D	T	U	K	J	J	J	X
U	A	M	K	P	R	D	K	X	L	G	R	B	J	S
K	D	L	T	G	Q	S	N	N	Q	W	L	R	M	J
Ð	L	V	L	D	H	X	M	O	I	E	X	E	E	I
A	A	U	Y	Y	V	M	P	H	I	M	L	T	M	V
G	S	K	N	M	S	G	D	K	K	L	S	U	B	R
N	L	T	S	G	Z	A	J	Z	U	Ó	L	L	A	H
A	D	B	X	W	U	A	G	R	K	X	L	E	C	F
P	N	I	B	N	X	R	X	G	Z	C	X	G	B	N
D	U	N	P	L	Z	E	J	R	U	D	K	W	U	T
Z	M	Ó	T	O	R	S	K	E	L	L	I	R	D	T
N	N	I	G	E	R	D	A	G	O	B	G	Ú	D	H
K	F	T	I	Y	N	U	B	Q	P	Y	B	R	V	W
O	F	X	L	J	F	F	G	G	W	P	H	A	A	G
Z	Z	L	R	U	X	A	U	C	Z	A	O	N	P	E
M	G	G	A	M	O	X	U	P	T	I	P	U	Y	G
S	S	N	K	R	N	K	I	F	I	M	Q	S	Y	S
O	A	H	Á	H	T	A	H	B	L	P	K	K	O	A
Q	A	Z	H	V	H	H	P	Q	P	K	J	H	W	B
T	V	E	N	N	D	A	R	K	E	P	P	N	I	H

BLEIKJA

BOGADREGINN

GLUGGASYLLA

HÁKARL

TVENNDARKEPPNI

KLUNGUR

ÚRANUS

SMELLUR

HALLÓ

SMINKA

ÞANGAÐ

MÓTORSKELLIR

## SPURNING VIKUNNAR

*Ef þú hefðir völd til, hverju myndir þú breyta/bæta hér í sveitarfélaginu?*



**Hafdís Eiríksdóttir**

Ég held ég myndi bara ekki breyta neinu



**Sigríður Birgisdóttir**

Ég myndi setja fleiri söfn.



**Hulda Waage**

Ráða einhvern sem sér um að umhverfið sé snyrtilegt, beðin, gangstéttar og svo framvegis



**Sigríður Guðbjörg Garðarsdóttir**

Ég myndi gjarnan vilja fá upplýstan og malbikaðan göngustíg á milli Hafnar og Nesja.

YOU ARE INVITED TO

# IBERIAN FOOD FESTIVAL

AT HAFID BAR, HEPPUVEGUR 5

COME TRY DELICIOUS FOOD FROM PORTUGAL  
AND SPAIN, LISTEN TO SOME MUSIC AND  
DANCE UNTIL YOUR FEET HURT!

FRIDAY THE 18TH OF AUGUST,  
AT 18:00'O CLOCK  
UNTIL THE FOOD IS ALL GONE!

**ONLY**  
100 TICKETS  
AVAILABLE

**TICKETS ARE 1000 ISK, ONLY CASH**

TICKET SALE HAS STARTED AND WILL BE OPEN  
UNTIL THE DAY OF THE EVENT AT HÖFN LIBRARY  
DURING ITS OPENING HOURS,  
MONDAY-FRIDAY FROM 10:00-16:00

**FOR MORE INFO:**

ANNAB@HORNAFJORDUR.IS OR EYRUNH@HORNAFJORDUR.IS



FJALLSÁRLÓN



Vélsmiðjan Foss ehf

